



EINING-ÍÐJA

FÉLAGSBLAÐ

1. tölublað
18. árgangur
Mars 2015

Orlofsstaðir 2015

Sprawy urlopowe

Holiday matters

ข่าวสารเกี่ยวกับการพักผ่อน

Viltu fara með

í Einingar-löjuferð?

Á bls. 6-7 er fjallað um orlofsferðir sumarsins





Útgefandi: Eining-Íðja
Skipagötu 14 - 600 Akureyri
Sími 460 3600 - Bréfasími 460 3601
www.ein.is

Ábyrgðarmaður:
Björn Snæbjörnsson

Ritstjóri
Ásgrímur Örn Hallgrímsson

Forsíðumynd:
Úr innanlandsferð félagsins
Mynd: BS

Prentvinnsla:
Ásprent ehf.

Fjálst er að nota efni úr blaðinu,
í heild eða hluta, þó þannig
að heimildar sé getið

FÉLAGSMENN, TAKIÐ KVÖLDIÐ FRÁ!



Aðalfundur félagsins fer fram í
Menningarhúsinu HOFI á Akureyri
fimmtudaginn 16. apríl nk. kl. 19:30

BODIÐ UPP Á AKSTUR TIL AKUREYRAR | KAFFIVEITINGAR | HAPPRÆTTI

GERUM BETUR Í VERÐI OG VERKI

Þú sért árangur 30 ára þjónustu við atvinnulífið. Þú finnur að áhersla á fagmennsku, gæði og gagnkvæmt traust eru grunnur að farsælu orðspori. Þú upplifir svansvottada þjónustu öflugs fyrirtækis.

**HAFÐU SAMBAND OG
LEITAÐU TILBOÐA
FYRIR FYRIRTÆKIÐ PITT**

Sími 554 6088 / www.hreint.is

Hreint
RÁSTING

Sími 554 6088 / www.hreint.is

Efnisyfirlit

- 4** Orlof 2015
- 5** Vika að eigin vali
- 5** Afsláttur hjá Edduhótelum
- 6** Borgarferðir í beinu flugi frá Akureyri
- 7** Orlofsferðir Einingar-Íðju sumarið 2015
- 8** Fjárhagsaðstoð vegna verkfalla eða verkanna
- 8** Benefits during strike or lock-out
- 8** Zasiłki w czasie strajku lub podczas zakazu wykonywania pracy
- 9** Gistimiðar á Fosshótelin
- 9** Byrð þú yfir minningarbrotum eða áttu myndir?
- 10** Aðalfundur starfsgreinaeilda félagsins
- 10** Gistimiðar á Keahótel
- 11** Bæklingur fyrir þá sem starfa í ferðapjónustu
- 11** Sjálfkjörið í stjórni Einingar-Íðju
- 12** Staða samningamála
- 12** Current state of the negotiations
- 12** Bieżący stan negocjacji
- 13** Íbúðir í Reykjavík – þríf innifalín
- 13** Útilegukortið
- 14** Ýmsar hagnýtar upplýsingar
- 15** Umsókn um orlofsbústað sumarið 2015
- 17 – 23** Orlofshúsin 2015
- 21** Gott að hafa í huga
- 23** Punktakerfið tryggir sanngirni
- 23** Veiðikortið
- 23** Miðar í Hvalfjarðargöng
- 24** Hvað er verkfall?
- 24** What is a strike?
- 26** Co to jest strajk?
- 27** Norræn ráðstefna gegn staðal-myndum og kynferðislegri áreitni innan ferðapjónustunnar
- 27** VIRK starfsendurhæfingsráðgjöf
- 28** ข่าวสารเกี่ยวกับภารกิจ
- 29** Holiday matters
- 30** Sprawy urlopowe
- 31** Botnaðu nú


JÓAKIM heildarlausn fyrir stéttarfélög

Init ehf. er hugbúnaðarfyrtæki sem sérhæfir sig í lausnum fyrir lífeyrissjóði og verklyðsfélög
Init ehf. þróar, rekur og þjónustar JÓAKIM, sem er útbreiddasta lífeyris- og félagakerfi á Íslandi

- Öflugt iðgjaldainnheimtukerfi
- Sveigjanlegt félagakerfi
- Námskeiðakerfi
- Félagagreiðslukerfi fyrir sjúkrabætur, styrki o.fl.
- Orlofshúsakerfi
- Vefkerfi fyrir launagreiðendur og rafræn móttaka skilagreina
- Félagavefur þar sem félagsmenn geta skoðað iðgjaldasögu, bótagreiðslur, sótt um orlofshús o.fl.
- Viðmót fyrir greiningarverkfæri
- Verðbréfakerfi til að halda utan um eignir sjóða
- Kerfið hentar jafnt stórum sem smáum félögum og er í notkun hjá um 30 stéttarfélögum og samböndum stéttarfélaganna



Init ehf. • Smáratorgi 3 • 201 Kópavogi • Sími 510 7200 • Fax 510 7220 • init@init.is • www.init.is



Íslandsbanki Appið

Gleymdust reikningarnir?
Greiddu þá í Appinu



advania
Welcome to IT



Orlof 2015

**Þeir sem sækja um
rafrænt flýta fyrir
úthlutunarferlinu.**

Ágætu félagar!

Nú er kominn sá tími ársins að daginn er tekið að lengja og þá er tímabært að fara að huga að sumarleyfunum og þeim möguleikum sem eru í boði fyrir félagsmenn Einingar-löju. Í þessu orlofsblaði eru þeir möguleikar kynntir og ýmsar aðrar upplýsingar sem máli skipta fyrir félagsmenn sem hug hafa á að nýta sér þá orlofskosti sem í boði eru. Megináhersla er eins og áður lögð á að kynna þau orlofshús og orlofsíbúðir sem félagið hefur til umráða og leigu til félagsmanna á komandi sumri. Sem fyrr býður félagið hús og íbúðir af mismunandi stærðum og gerðum, í mismunandi umhverfi og í öllum landshlutum.

Þó svo að orlofsblað félagsins sé borið inn á öll heimili og fyrirtæki á félagssvæðinu geta einungis félagsmenn sótt um þá valkosti sem í boði eru í sumar og fjallað er um í blaðinu.

Að venju eru félagsmenn einnig minntir á réttindi sín varðandi orlof, orlofstöku og orlofsuppbót. Þá verður sagt frá orlofsferðum sumarsins, en þær verða tvær í ár. Nú stendur yfir skráning í innanlandsferðina. Í ár var ákveðið að fara í samstarf við Ferðaskrifstofu Akureyrar

og niðurgreiða 50 flugsæti í tveimur ferðum hjá þeim í haust, 25 sæti í hvora ferð.

Ekki bara hús í boði

Að venju geta félagsmenn sótt um „Viku að eigin vali“ og keypt gistimiða á Fosshótel og greiðslumiða á Edduhótelin. Þá verður aftur boðið upp á kaupa Veiðikortið og Útilegukortið á sérkjörum.

Í ár geta félagsmenn einnig keypt gistimiða á fjögur KEA-hótel.

Gæludýr

Gæludýr eru stranglega bönnuð í öllum húsum félagsins. Dæmi eru um að slæm ofnæmis-tilfelli hafi komið upp og því er komið inn í leigusamning að leigutaki skuldbindur sig til að borga kr. 25.000 sekt ef þessi regla er brotin.

Notið félagavefinn

Félagsmenn eru hvattir til að sækja um orlofs-hús og orlofsstyrki á rafrænan hátt á félagavefnum sem er á www.ein.is, nánar er fjallað um félagavefinn í blaðinu. Umsóknareyðublað

fylgir samt með orlofsblaðinu eins og undan-farin ár, en við hvetjum alla sem geta til að sækja um á rafrænan hátt. Það flýtir mikið fyrir úthlutunarferlinu. Ef upp koma tilvik þar sem fleiri en einn félagsmaður býr á heimili og ekki er hægt að nota félagavefinn þá er hægt að prenta umsóknarblaðið út á heimasíðu Einingar-löju, www.ein.is eða koma við á skrifstof-um félagsins og fá umsóknarblað.

Allar nánari upplýsingar um orlofshús eru veittar á skrifstofu Einingar-löju á Akureyri, í síma 460 3600, sigrun@ein.is eða á www.ein.is og þar fer skráning einnig fram. **Síðasti skiladagur umsókna er miðvikudagurinn 1. apríl**, en úthlutun fer fram nokkrum dögum síðar. Þeir sem fá úthlutað þurfa að vera búnir að **ganga frá greiðslu í síðasta lagi 22. apríl**. Í lok apríl verður opnað á netinu fyrir laus hús. Þá gildir fyrstir koma, fyrstir fá.

Ritnefnd Einingar-löju óskar félagsmönnum *alls hins besta í komandi orlofi og minnir á að ýmsar upplýsingar varðandi hús, ferðir og annað sem máli skiptir koma fram í blaðinu og því er mikilvægt að geyma það og hafa við höndina.*

Munið eftir www.ein.is

Vika að eigin vali!

Undanfarin ár hefur félagið haft í boði styrki sem kallast „**Vika að eigin vali**“ og hafa þessir styrkir verið vel nýttir af félagsmönnum. Í ár mun félagið verja allt að kr. 5.130.000 í „**Vika að eigin vali**.“ Félagsmenn geta sótt um 270 slíka styrki, hver að upphæð kr. 19.000 og er styrkloforðum úthlutað eins og orlofshúsunum. Hægt er að sækja um á umsóknarblaði sem fylgir með orlofsblaðinu, en best er að senda inn rafræna umsókn á félagsvef Einingar-löju. Skilafrestur umsókna er miðvikudagurinn 1. apríl nk.

Hægt er að nota fjárhæðina t.d. til leigu á orlofshúsi (**ATH! ekki þau sem eru í eigu Einingar-löju**), hótélherbergi, tjaldvagni eða fellihýsi, flugfar innanlands eða erlendis, allt eftir óskum hvers og eins.

Hámark á hvern félagsmann er eins og áður segir kr. 19.000, en þó aldrei hærri en 50% af kostnaði.

Dregnir verða 18 punktar af þeim félagsmönnum sem nýta sér alla upphæðina og hlutfallslega fyrir lægri upphæð. Greiðsla fer fram eftir að ferðalagi lýkur en félagsmenn þurfa að framvísa reikningi fyrir dvöl eða ferð.

„**Vika að eigin vali**“ gildir fram til áramóta. Það þýðir að þeir sem fá úthlutað þurfa að koma með reikninga eða farseðla fyrir næstu áramót til að fá endurgreitt.

ATH! Framvísa þarf löglega númeruðum vsk. Reikningum eða farseðlum!



Afsláttur hjá Edduhótelum

Eins og undanfarin sumur mun Eining-löja hafa til sölu greiðslumiða fyrir gistingu á öll Edduhótel landsins. Miðana verður hægt að kaupa á skrifstofum Einingar-löju þegar nær dregur sumri. Ekki voru komnar upplýsingar um verð á miðum í ár. Um leið og þær upplýsingar berast verða þær settar á heimasíðu félagsins, www.ein.is, undir Orlofsmál.


Nánari upplýsingar um hótelin má finna á heimasíðunni www.hoteledda.is



Á GRÆNNI LEIÐ MILLI HEIMSÁLFA

Með grænu leiðinni eykur Eimskip tíðni siglinga milli Norður-Ameríku, Kanada, Nýfundnlands og Evrópu.

Með nýju og breyttu siglingakerfi tryggir Eimskip enn frekar áreiðanleika þjónustunnar og kemur til móts við óskir vöskiptavina sinna um óslitna flutningskeðju. Með nýju siglingakerfi eykst tíðni ferðamilla Evrópu og Norður-Ameríku um allt að fimm ferðir á ári.



Korngarðar 2 | 104 Reykjavík | 525 7000 | www.eimskip.is

Borgarferðir í beinu flugi frá Akureyri

Ákveðið var að fara í samstarf við Ferðaskrifstofu Akureyrar og niðurgreiða 50 sæti fyrir félagsmenn í tvær borgarferðir í beinu flugi frá Akureyri næsta haust, 25 sæti í hvora ferð. Annars vegar er um að ræða ferð til Dublin dagana 22. til 26 október og hins vegar ferð til Berlín dagana 5. til 8. nóvember.

Ferðaskrifstofa Akureyrar sér alfar-ið um að skrá í ferðirnar. Félagar þurfa að muna, þegar ferð er bókuð, að segjast vera félagsmenn Einingar-löju. Um niðurgreiðsluna gildir fyrstir panta, fyrstir fá.



Dublin 22. – 26. október 2015

Dublin á Írlandi er einstök borg sem hefur unnið hug og hjörta margra Íslendinga í gegnum árin, enda er varla annað hægt en að hrífast af umhverfinu, menningunni og lífsgleði innfæddra.

Frá Íslandi er aðeins tveggja tíma flug til Dublinar, sem margir fullyrða að sé í hópi skemmtilegustu borga Evrópu. Í Dublin eru vel á annað þúsund barir og krár, þar sem þjóðdrykkirnir Guinness (dökkur björ), Jameson (viskí) og Bailey's (líkkjör) njóta iðulega mestu vinsældanna. Það verður ekki tekið af Írunum að þeir kunna sannarlega að skemmta sér og hin svokallaða „pöbba-stemning“ sem gjarnan myndast er sannarlega ógleymanleg.

Segja má að gönguferð í Temple Bar skemmtanahverfinu sé hreinlega upplifun út af fyrir sig, svo mikil er stemningin þar á hverju kvöldi. Mikið úrval góðra veitingastaða er að finna í Dublin og geta gestir þá valið á milli amerískra, skandinavískra, austurlenska nú eða að sjálfsgöðu sér-írskra veitingastaða.

Camden Court er gott fjögurra stjörnu hótél sem er staðsett nálægt Stephen's Green garðinum og í göngufæri við miðbæinn. Á hótelinu er heilsurækt og sundlaug, einnig veit-

ingastaður, bar og krá þar sem hægt er að fá léttu rétti. Miðbærinn er í 10 til 15 mín. göngu-fjarlægð. Við hliðina á hótelinu er frábær írskur bar The bleeding horse, en þar er kjörið að setjast inn eftir bæjarrölt og fá sér einn Guinness.

Verð til félagsmanns í tvíbýli kr. 101.500. Aukagjald fyrir einbýli kr. 22.400.

Brooks Boutique hotel er einstaklega fallegt fjögurra stjörnu hótél mjög vel staðsett í miðborg Dyflinnar. Hótelíð lætur ekki mikið yfir sér þegar komið er að því, en þegar inn er komin er allt sérlega smekklegt. Örstutt er að göngu- og verslunargötunni Grafton Street að Trinity Colleague og í Temple Bar hverfið. Veitingastaður hótelsins Francesca's Restaurant er einn af betri veitingastöðum borgarinnar og barinn Jasmine er nútímalegur og smart.

Verð til félagsmanns í tvíbýli kr. 121.900. Aukagjald fyrir einbýli kr. 39.000.

Innifalið í verði:

Flug til og frá Dublin með Boeing 757-200 flugvéllum Icelandair, gisting með

morgunverði í fjórar nætur og íslensk fararstjórn.

Áætlaðir flugtímar:

22. október AEY - DUB áætluð brottför kl. 7:15 – lent í Dublin kl. 10:30

26. október DUB - AEY áætluð brottför kl. 19:40 – lent á Akureyri kl. 22:10

Ekki innifalið:

Akstur til og frá flugvelli er ekki innifalinn og kostar 2.900 krónur á mann hvora leið. Bóka þarf akstur um leið og ferðina. Getum haft aksturinn innifalinn í verði til hópsins.

Berlín 5. – 8. nóvember 2015

Berlín er ein áhrifamesta borg Evrópu. Berlín er fjölmennasta borg Evrópusambandsins með um 3,5 milljónir íbúa. Borgin býr yfir mikilli sögu og menningu. Í Berlín ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi hvort sem um ræðir söfn, veitingastaði, verslanir eða skemmtanalið. Borgin skiptist upp í mörg hverfi og ekki er hægt að segja að Berlín hafi sérstakan miðbæ, heldur er hvert hverfi með sinn eigin miðbæ.

Þessi hverfi eru ma. Charlottenburg, Kreuzberg, Mitte og Tiergarten. Staði sem áhugavert er skoða er m.a. Brandenburgerliðið, minjar frá Berlínarmúrnum, Sjónvarpsturninn, Reichstag og margt fleira.

Leonardo Royal Alexanderplatz er fjögurra stjörnu hótél staðsett í Mitte-hverfinu í Berlín og í einungis nokkurra mínútna fjarlægð frá Alexanderplatz. Á hótelinu er heilsurækt, gufa sem og veitingastaður, bar/setustofa. Herbergin eru útbúin nútímaþægingum á borð við loftkælingu, Wi-Fi tengingu, sjónvarpi og te/kaffiaðbúnaði.

Verð til félagsmanns í tvíbýli kr. 108.500. Aukagjald fyrir einbýli kr. 17.000.

Hótél Palace er fimm stjörnu nýuppgeitt hótél staðsett gegnt dýrargarðinum í Berlín og í göngufjarlægð frá Kurfurstendamm verslunargötunni. Veitingastaður hótelsins hefur hlotið Michelin stjörnu en þar er einnig bar og setustofa. Á hótelinu er aðgangur að sundlaug með heitum potti og líkamsræktaraðstöðu.

Á herbergjum er mínibar og öryggishólf ásamt Wi-Fi tengingu og sjónvarpi en öll herbergi á hótelinu eru hljóðeinangruð.

Verð til félagsmanns í tvíbýli kr. 123.500. Aukagjald fyrir einbýli kr. 32.160.

Innifalið í verði:

Flug til og frá Berlín með WOW-air, gisting með morgunverði í þrjár nætur, ferðir til og frá flugvelli í Berlín og íslensk fararstjórn.

Áætlaðir flugtímar:

5. nóvember AEY-BER áætluð brottför kl. 6:10 – lent í Berlín kl. 10:40

8. nóvember BER-AEY áætluð brottför kl. 11:40 – lent á Akureyri kl. 14:25

Allar nánari upplýsingar um ferðirnar má fá hjá Ferðaskrifstofu Akureyrar og á www.aktravel.is



Orlofsferðir Einingar-löðu sumarið 2015

Hjá félaginu starfar ferðanefnd sem undirbýr og skipuleggur ferðir á hverju ári fyrir félagsmenn. Aðalfundur ár hvert kýs fjóra félagsmenn í nefndina, og skulu þeir ekki eiga sæti í stjórn félagsins, en auk þeirra á formaður, og í forföllum hans varaformaður, sæti í nefndinni. Í ár verða tvær ferðir í boði; „Fjallaferð“ innanlands og eins dags ferð fyrir eldri félagsmenn. Vegna dræmrar þátttöku þurfti að hætta við ferð til Svíþjóðar og Noregs sem átti að vera í júní.

Vert er að benda á að Tanni travel er að fara í ferð til Noregs 14.-25. júní. Sjá nánar á www.tannitravel.is

Hólmavík-Strandir-Snæfjallaströnd-Reykjanes

Fjögurra daga síðsumarferð verður farin til Hólmavíkur um Strandir, Snæfjallaströnd og um Reykjanesið dagana 10. til 13. ágúst 2015, ef næg þátttaka fæst. Hámark 47 manns. Fyrsta daginn verður farið til Hólmavíkur þar sem gist verður allar næturnar. Á öðrum degi verður farið út í Ingólfsfjörð. Á þriðja degi farið út Snæfjallaströnd og um Reykjanesið. Á fjórða degi farið heim um Dali, Skarðsströnd og Laxárdalsheiði.

- Ferðin kostar kr. 38.000 á mann.

Innifalið er allur akstur, gisting í upp-búnum rúmunum og leiðsögn. Ekkert fæði innifalið. Óafturkræft staðfestingargjald er kr. 5.000.

- Leiðsögumaður verður Jóhann Svavarsson, bílstjóri Sveinn Sigurbjarnarson og fararstjóri Björn Snæbjörnsson.



Eins dags ferðin

Eins dags ferð fyrir aldraða Einingar-löðufélaga verður farin 22. júní 2015. Farið verður austur í Mývatnssveit þar sem verður snæddur hádegisverður. Þaðan verður farið að Dettifossi og svo til Húsavíkur þar sem drukkið verður kaffi. Að því loknu verður ekið til Akureyrar á ný. - Ferðin kostar 6.000 krónur á mann.

Athugið! Síðar verður auglýst hvenær byrjað verður að skrá í eins dags ferðina.

Bed Breakfast

Keflavik Airport · Iceland

Ertu á leiðinni til eða frá landinu?

Láttu fara vel um þig nóttina fyrir eða eftir flug og gistu hjá okkur.

Aðeins 9.900 kr. fyrir tveggja manna herbergi!

Mættu afslappaður í fugið eftir góðan morgunverð.

**Þú geymir bílinn þinn hjá okkur!
Við keyrum þig upp á á flugvöll og
sækjum þig aftur þér að kostnaðarlausu.**



• Rúmgóð herbergi með gervihnatta-sjónvarpi og baði

• Morgunverður er innifalinn
• Þráðlaus nettenging

www.bbkeflavik.com

Veist þú að

**Allir nýir
starfsmenn
eiga að gera
skriflegan
ráðningarsamning**

Gistihús Keflavíkur · Keflavíkurflugvelli · Valhallarbraut 761 · 235 Reykjanesbæ
Sími 426 5000 · gistihus@internet.is

Fjárhagsaðstoð vegna verkfalla eða verkbanna

Þegar félagsmenn missa atvinnutekjur sínar vegna verkfalla eða verkbanna í vinnudeilum sem félagið er aðili að, skal leitast við að bæta þeim tón sitt eftir því sem geta Vinnudeilusjóðs á hverjum tíma leyfir og stjórn Vinnudeilusjóðs ákveður hverju sinni. Við úthlutun styrkja úr sjóðnum skal fylgja eftirfarandi meginreglum, sem stjórn sjóðsins er þó heimilt að víkja frá.

A: Sé vinnustöðvun ótímabundin og nái til alls þorra félagsmanna, greiðast engar bætur fyrstu fjóra dagana. Eftir þann tíma er stjórn Vinnudeilusjóðs heimilt að greiða bætur til þeirra, sem sækja um þær á þar til gerðum eyðublöðum. Bætur skulu aldrei vera hærri en sem nemur 80% af lágmarkslaunum SA/SGS sem í gildi eru þegar vinnustöðvun hefst. Þetta á við um þá sem eru í 100% starfi og þeir sem eru í lægra starfshlutfalli fá greitt skv. sínu hlutfalli. Sé um að ræða tímabundna allsherjar vinnustöðvun, gilda sömu reglur.

B: Sé vinnustöðvun bundin við ákveðna starfshópa innan félagsins en ætlað að koma öllum félagsmönnum til góða, greiðast bætur með sama hætti og greint er frá í lið A. Sama gildir ef atvinnurekandi setur verkbanan á tiltekna starfshópa, enda hafi þeir að mati félagsstjórnar ekki brotið gegn samþykktum félagsins.

C: Sé vinnustöðvun bundin við einstaka starfshópa og aðeins ætlað að koma þeim til góða, skal stjórn sjóðsins meta aðstæður hverju sinni og taka ákvarðanir í samræmi við þær.

Sama á við ef félagsmenn missa atvinnu sína vegna vinnustöðvana hjá öðrum félögum, enda eigi þeir ekki rétt á atvinnuleysisbótum.

D: **Stjórn Vinnudeilusjóðs getur ákveðið að tiltekinn starfshópur fái greidd laun sín að fullu úr sjóðnum sé honum ætlað forystuhlutverk í verkfalli, enda séu þeir aðeins hluti þeirra sem eiga í vinnudeilu vegna sama kjarasamnings.**

Benefits during strike or lock-out

When you, members of the union, don't get paid due to strike or lock-out in context of industrial disputes Eining-löja takes part in, you should try to get paid instead from the strike fund. The amount depends on the decision of the board of the fund but the main rules are:

A: If the strike is not limited and the majority of the members of the union are strikebound there will be no payments for the first 4 days. After 4 days the fund is allowed to pay strike benefits to the members applying for. You have to fill in the right printed forms. The benefits may not be higher than 80% of the minimum wages SA/SGS have agreed on the time the strike starts.

B: If just part of the workers within the union are on strike but the aims they achieve would affect all the other members the payments will be the same as in chapter A. The same is applied in the case of lock-out for just part of the members. They did not break the union's rules according to the union's board.

C: If part of the workers within the union are on strike and their aims are just to improve their situation the fund's board has to value and decide on the benefits. If members are losing their job due to strikes by other unions than Eining-löja the same rule is applied. They do not have the right to get paid benefits from the job center.

D: **The fund's board can decide that part of the workers get paid their full salary if they have to lead the way during the strike for the labour agreement for all the members.**

Zasiłki w czasie strajku lub podczas zakazu wykonywania pracy

Kiedy członkowie związku utracą prawo do wypłat wynagrodzeń z powodu strajku lub zakazu wykonywania pracy w konsekwencji niemożności osiągnięcia porozumienia w negocjacjach, w których związek jest stroną sporu, to należy próbować zrekomensować tę stratę zgodnie z aktualnymi możliwościami oraz na podstawie decyzji, jakie każdorazowo podejmie Zarząd Funduszu Strajkowego. Podczas przydzielania zasiłków z Funduszu należy przestrzegać następujących postanowień ogólnych, od których Zarząd Funduszu Strajkowego ma jednak prawo odstąpić:

A. Jeśli strajk nie jest ograniczony w czasie i dotyczy zdecydowanej większości członków związku, to zasiłek nie jest wypłacany za pierwsze **cztery dni** strajku. Po tym czasie Zarząd Funduszu Strajkowego ma prawo do wypłacania zasiłków osobom, które będą się o to ubiegały i wypełnią w tym celu odpowiednie formularze. Zasiłki nie powinny nigdy być wyższe niż 80% najniższego wynagrodzenia, zgodnie z umowami SA/SGS obowiązującymi w chwili rozpoczęcia strajku. Dotyczy to pracowników zatrudnionych w pełnym wymiarze godzin (100%). Pracownicy zatrudnieni w niepełnym wymiarze godzin otrzymują zasiłek proporcjonalnie do wymiaru zatrudnienia. W przypadku ograniczonego w czasie strajku generalnego obowiązują te same postanowienia.

B. Jeśli strajk ogłoszony jest dla określonych, należących do związku grup pracowniczych, a jego celem jest dobro wszystkich członków związku, to wypłaty zasiłków odbywają się w ten sam sposób, jak to zostało zdefiniowane w części A. Te same postanowienia obowiązują również wtedy, gdy pracodawca wprowadzi zakaz wykonywania pracy przez określone grupy pracowników, jeżeli - zgodnie z opinią Zarządu Związku - nie zostały złamane postanowienia związku.

C. Jeśli strajk jest ogłoszony dla określonych grup pracowniczych w celu polepszenia wyłącznie ich własnych warunków płacy i pracy, to Zarząd Funduszu powinien każdorazowo ocenić zaistniałą sytuację i podjąć stosowne decyzje.

To samo dotyczy sytuacji, kiedy członkowie związku stracą zatrudnienie z powodu ogłoszenia strajku przez innych członków związku - w przypadku, kiedy nie posiadają oni prawa do otrzymywania wypłat z funduszu dla bezrobotnych.

D. **Zarząd Funduszu Strajkowego może podjąć decyzję, że dana grupa pracownicza będzie otrzymywać wypłaty z Funduszu równe pełnemu wynagrodzeniu, jeśli dla tej grupy przewidziana jest w czasie strajku rola wiodąca, a grupa ta jest tylko częścią większej całości, będącej stroną w sporze dotyczącym tej samej umowy zbiorowej.**

Gistimiðar á Fosshótelin

Eining-löja er með til sölu niðurgreidda gisti-miða á öll Fosshótel landsins fyrir félagsmenn. Miðana er hægt að nota allt árið, jafnt sumar sem vetur. Verð miða er kr. 7.500 og gildir hann fyrir árið 2015. Hver miði gildir fyrir eina nótt í tveggja manna herbergi með morgun-verði. Á háannatíma, í júní, júlí og ágúst, þarf að greiða eina nótt með tveimur gistimiðum. Miðana er hægt að kaupa á skrifstofum Einingar-löju. Ráðlegt er að bóka með fyrirvara, sérstaklega í júní, júlí og ágúst. Við pöntun þarf að koma fram að greitt verði með gistimiða og athugið að ekki er hægt að panta á netinu ef þið ætlið að nota gistimiða.

FOSSHOTEL
VINALEGRI UM ALLT LAND

Fosshótel bjóða upp á gistingu á níu hótélum og er í boði fjölbreytt úrval af gistingu um allt land, ýmist sem sumarhótel eða tveggja til þriggja stjörnu heilsárshótel. Foss-hótelin eru reyklaus hótél.

**Nánari upplýsingar má finna á
www.fosshotel.is**



Býrð þú yfir minningarbrotum eða áttu myndir?

Eins og áður hefur komið fram þá er Jón Hjaltason sagnfræðingur að rita sögu Einingar-löju. Fyrirhugað er að bókin verði gefin út á fyrri parti ársins 2018. Stefnt er á að saga félagsins verði í og með atvinnusaga Eyjafjarðarsvæðisins á þessu tímabili, saga samfélagsins og að einhverju leyti saga þjóðar. Þetta er allt samtvinnað þannig að heimildirnar liggja mjög víða.

Ef einhver býr yfir minningarbrotum sem tengjast sögunni þá er sá hinn sami hvattur til að hafa samband við Jón. Hægt er að senda tölvupóst á netfangið jonhjalta@simnet.is eða hringja í síma 862 6515. Sömu leiðis ef einhver á gamlar myndir þá er hægt að senda póst á Þorsteinn á netfangið steini@ein.is eða hringja í síma 460 3600 og biðja um Steina. Gaman væri ef félagið fyndi myndir sem ekki hafa verið prentaðar áður, t.d. gamlar tækifærismyndir sem jafnvel sýna óvart það sem á þeim er.

MAZDA 3
margverðlaunuð Skyactiv spartæknin
lækkar eyðslu og minnkar mengun

VERÐ FRÁ 3.190.000 KR.

Margverðlaunuð SKYACTIV spartæknin hefur veitt Mazda sérstöðu á markaðnum. Með þessari byltingarkenndu tækni hefur Mazda náð fjáðæma árangri til lækkunar eyðslu án þess að förna afli né viðbragði – enda er akstursánægja eitt aðalsmerki Mazda. Að auki er billinn smíðaður í anda KODO hönnunarinnar sem gælir svo sannarlega við augað.

MAZDA. DEFY CONVENTION.

sýningarbílar á staðnum
KOMDU Í
REYNSLUAKSTUR

Nýir og notaðir bílar: Söluðeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 8-17 og laugardaga 12-16.
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | mazda.is

Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbóndur getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

10. ÁRJA AFRABILI MAZDA
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Aðalfundir starfsgreinadeilda félagsins

Aðalfundir starfsgreinadeilda Einingar-löðu fóru fram þriðjudaginn 10. febrúar sl. á Hótel KEA á Akureyri. Góð mæting var á fundina sem tókust mjög vel. Eins og undanfarin ár byrjuðu deildirnar þrjár saman á fundi þar sem flutt var fræðsluerindi. Í ár fjallaði Arnheiður Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands, um ferðapjónustu í Eyjafirði.

Að loknu mjög góðu erindi Arnheiðar var boðið upp á kaffiveitingar. Að kaffi loknu héldu deildirnar þrjár; Opinbera deildin, Matvæla- og þjónustudeildin og lðnaðar- og tækjadeildin, sinn aðalfund hver á sínum stað í húsinu þar sem fram fóru venjuleg aðalfundarstörf.

Matvæla- og þjónustudeild

Í byrjun fundar flutti Margrét H. Marvinsdóttir, formaður deildarinnar, skýrslu stjórnar, og að því loknu var gengið til kosninga um stjórnarmenn deildarinnar. Á fundinum var kosið um fimm af níu stjórnarmenn deildarinnar. Kosið var til tveggja ára um formann, ritara og þrjá meðstjórnendur. Margrét H. Marvinsdóttir bauð sig fram til formanns, Sigríður Jósepsdóttir til ritara og til meðstjórnanda buðu sig fram Anna Guðrún Ásgeirsdóttir, Júlíana Kristjánsdóttir og Steinþór Berg Lúthersson. Engin mótframboð bárust og var listinn því sjálfkjörinn. Fyrir í stjórn voru Tryggvi Jóhannsson varaformaður og meðstjórnendurnir Kristbjörg Ingólfsdóttir, Birna Harðardóttir og Stefán Aðalsteinsson.

lðnaðar- og tækjadeild

Í byrjun fundar flutti Ingvar Kristjánsson, formaður deildarinnar, skýrslu stjórnar, og að því loknu var gengið til kosninga um stjórnarmenn deildarinnar. Á fundinum var kosið um fimm af



níu stjórnarmenn deildarinnar. Kosið var til tveggja ára um formann, ritara og þrjá meðstjórnendur. Ingvar Kristjánsson bauð sig fram til formanns, Sigurður Sveinn Ingólfsson til ritara og til meðstjórnanda buðu sig fram Ingi Rafn Ingason, Sigurður Sigurðsson og Svavar Magnússon. Engin mótframboð bárust og var listinn því sjálfkjörinn. Fyrir í stjórn voru Vilhelm Adolfsson varaformaður og meðstjórnendurnir Rannveig Kristmundsdóttir, Gunnar Magnússon og Kristín Anna Gunnólfsdóttir.

Opinbera deildin

Að lokinni skýrslu stjórnar sem Sigríður K. Bjarkadóttir, formaður deildarinnar, flutti var gegnið til kosninga. Í ár var kosið um fimm af níu stjórnarmenn deildarinnar. Kosið var til tveggja ára um formann, ritara og þrjá meðstjórnendur. Sigríður K. Bjarkadóttir bauð sig fram til formanns, Hanna Dóra Ingadóttir til ritara og til meðstjórnanda buðu sig fram Hildur Ingvarsdóttir, Ásrún Karlsdóttir og Guð-

rún Lárusdóttir. Engin mótframboð bárust og var listinn því sjálfkjörinn. Fyrir í stjórn voru Elísabet Skarphéðinsdóttir varaformaður og meðstjórnendurnir Ómar Ólafsson, Hrönn Vignisdóttir og Hildur Arna Grétarsdóttir.

Guðrún Lárusdóttir kom ný inn í stjórnina í stað Júlíu Birnu Birgisdóttur sem gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Í lok skýrslu stjórnar þakkaði formaður Júlíu fyrir ánægjulegt samstarf á liðinu ári.

VINNINGSHAFAR

Á aðalfundunum var efnt til happdrættis. Einn vinningur var í boði í hverri deild, helgarleiga á Illugastöðum að vetri til. Nöfn allra sem mættu á fundi deildanna voru sett í skál og svo voru nafn heppins Einingar-löðufélaga dregið út í hverri deild fyrir sig. Þau sem hlutu vinning eru **Einar Árni Friðgeirsson** úr lðnaðar- og tækjadeildinni, **Þorsteinn Þormóðsson** úr Matvæla- og þjónustudeildinni og **Elísabet Guðmundsdóttir** úr Opinberu deildinni.



Í ár var ákveðið að hafa til sölu fyrir félagsmenn gistimiða á nokkur Keahótel sem niðurgreiddir eru af félaginu. Miðarnir eru til sölu á öllum skrifstofum félagsins.

Ráðlegt er að bóka með fyrirvara, en við pöntun verður að koma fram að greitt verði með gistimiða. Morgunverður af hlaðborði er innifalinn á öllum hótelum Keahótel.

	1. júní -31. ágúst	1. sept. -1. júní
	Pr. nótt	Pr. nótt

Hótel Kea Akureyri

Eins manns herbergi með sturtu	Kr: 19.000.-	Kr: 11.000.-
Tveggja manna herbergi með sturtu	Kr: 25.000.-	Kr: 14.000.-

Gistimiðar á Keahótel

	1. júní -31. ágúst	1. sept. -1. júní
	Pr. nótt	Pr. nótt

Hótel Norðurland Akureyri

Eins manns herbergi með sturtu	Kr: 19.000.-	Kr: 8.000.-
Tveggja manna herbergi með sturtu	Kr: 24.000.-	Kr: 9.000.-

Reykjavík Lights í Reykjavík og Hótel Gígur í Mývatnssveit

Eins manns herbergi með sturtu	Kr: 19.000.-	Kr: 9.000.-
Tveggja manna herbergi með sturtu	Kr: 24.000.-	Kr: 11.000.-

NÝTT 2015

Bæklingur fyrir þá sem starfa í ferðapjónustu

Félagið ákvað nýlega að láta útbúa bækling með ýmsum upplýsingum fyrir þá sem vinna á veitingastað, hóteli, gistiheimili eða í afþreyingarferðapjónustu. Þarna er m.a. verið að fjalla um lágmarkshvöld, jafnaðarkaup, vaktavinnu, að reynslutími eða starfsþjálfun er líka vinna og margt fleira. Er nær dregur vori verður bæklingurinn gefinn út á a.m.k. ensku og pólsku.

Björn Snæbjörnsson, formaður félagsins, segir að ástæðan fyrir því að þessi störf séu tekin fyrir núna sé sú að fjölmörg mál hafi komið á borð félagsins að undanförmu frá félagsmönnum sem starfa í þessum geira. „Mjög mörg þessara mála snúast um jafnaðarkaup, að vaktir séu ekki rétt settar upp, þ.e. að ekki sé skráð upphaf eða endir á þær. Þá höfum við líka fengið til okkar mál sem snúast um að félagsmenn hafi verið fengnir til reynslu eða í starfsþjálfun en ekki fengið greitt fyrir þá daga sem þeir voru í starfi. Því miður virðist víða pottur brotinn,“ sagði Björn.

Bæklingnum, sem er í þríbroti, var dreift í öll hús og fyrirtæki á félagssvæðinu, en einnig er hægt að nálgast hann á skrifstofum félagsins.



Sjálfkjörið í stjórn Einingar-Iðju

Fimmtudaginn 26. febrúar sl. lauk skilafresti á listum eða tillögum um menn í stjórnarsæti vegna kjörs stjórnar og trúnaðarráðs fyrir starfsárið 2015-2016. Ekki bárust aðrar tillögur eða listar en frá trúnaðarráði og teljast þeir félagsmenn sem trúnaðarráð hefur gert tillögu um sjálfkjörin.

Nýr ritari

Björn Snæbjörnsson mun áfram gegna embætti formanns, en breyting

verður í embætti ritara. Halldóra H. Höskuldsdóttir sem lengi hefur gegnt því embætti ákvað að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Vilhelm Adolfsson, sem starfar í Becromal, mun taka við sem ritari stjórnar á næsta aðalfundi.

Aðalfundur félagsins fer fram fimmtudaginn 16. apríl nk. kl. 19:30 í Menningarhúsinu HOFI á Akureyri.



Staða samningamála



Samninganefnd Starfsgreinasambands Íslands (SGS) birti Samtökum atvinnulífsins kröfugerð sína í lok janúar. Samningar á almenna markaðinum runnu út 28. febrúar sl. og þegar blaðið fór í prentun var búið að halda þrjá fundi hjá sáttasemjara en mikið bar enn í milli. Nú er verið að skoða í hvaða aðgerðir verður farið ef ekki tekst að semja á næstunni. Ef ákveðið verður að fara í verkfall mun félagið halda fundi á nokkrum stöðum við fjórðinn til að fara yfir stöðuna.

Í blaðinu má finna umfjöllun um hvað er verkfall og verkban og hvenær má fara í verkfall? Einnig er fjallað um reglur félagsins um fjárhagsaðstoð vegna verkfalla eða verkbanna.

Nýlega samþykkti samninganefnd félagsins að veita SGS samningsumboð vegna viðræðna við ríki og sveitarfélög, en þeir samningar verða lausir frá og með 1. maí nk.

Current state of the negotiations

The committee for negotiations of the Federation of General and Special Workers in Iceland (SGS) informed the Confederation of Icelandic Employers (SA) about its demands in the end of January. The agreement for the general market expired 28th of February 2015 and as the magazine was printed there have been three meetings with the ombudsman but there is no solution in sight. Now it is thought about what kind of measures would be taken if an agreement is not signed soon. If the union decides to go on strike there will be some meetings to inform all the members in the Eyjafjörður. In the magazine there will be some information about what it means to go on strike or to be locked out, what kind of benefits from the union are possible and what rules to follow.

Lately the committee for negotiations of Eining-löja agreed on the following: SGS has the mandate to negotiate on the agreement with the state and the municipality. Their agreement expires 1st of May 2015.

Bieżący stan negocjacji

Komitet Negocjacyjny Islandzkiej Federacji Związków Zawodowych (SGS) przedstawił swoje żądania Zjednoczeniu Pracodawców pod koniec stycznia. Umowy zbiorowe na powszechnym rynku pracy straciły moc obowiązującą 28 lutego br. Przed wysłaniem informacji do druku odbyły się już trzy zebrania z udziałem negocjatora z ramienia władz państwowych, podczas których utrzymywały się ciągle duże różnice zdań między stronami. Obecnie rozważa się jakie działania trzeba będzie podjąć gdy w najbliższym czasie nie uda się uzyskać porozumienia. Jeśli będzie podjęta decyzja o rozpoczęciu strajku to związek zorganizuje zebrania w kilku miejscach na terenie okręgu Eyjafjörður w celu omówienia zaistniałej sytuacji. W gazecie można znaleźć wyjaśnienia co zawiera się w pojęciu „strajk” i „zakaz wykonywania pracy” oraz kiedy wolno rozpocząć strajk. Są tam także informacje o przepisach związkowych dotyczących przydzielania zasiłków w czasie strajku lub zakazu wykonywania pracy.

Niedawno Komitet Negocjacyjny Islandzkiej Federacji Związków Zawodowych podjął decyzję o udzieleniu SGS prawa do reprezentowania swoich interesów w rozmowach z władzami państwowymi oraz zarządami lokalnymi, gdyż umowy zbiorowe z tymi stronami tracą moc obowiązującą z dniem 1 maja br.

Íbúðir í Reykjavík - þrif innifalinn

Frá og með 1. mars sl. tók fyrirtækið Sólar ehf. við allri umsjón á íbúðum félagsins í Reykjavík. Þessi breyting á umsjónaraðila hefur í för með sér að leigjandi þarf ekki lengur að þrifa íbúðina eftir leigutíma. Auðvitað þarf að skila henni full frágenginni og snyrtilegri.



Útilegukortið

Fjölmargir Einingar-löðufélagar hafa á undanförunum árum keypt Útilegukortið hjá félaginu. Í ár mun félagið enn og aftur bjóða félagsmönnum sínum slíkt kort til sölu. Fullt verð kr. 15.900 en verð til félagsmanna er kr. 9.000. Með því að kaupa kortið hjá félaginu geta félagsmenn því sparað verulega og væntum við mikillar eftirspurnar þar sem með kaupum á Útilegukortinu getur handhafi þess gíst ásamt maka og allt að fjórum börnum undir 16 ára aldri á 42 tjaldsvæðum allt í kringum landið.

Hvert kort er takmarkað við 28 gistinætur á hverju sumri. Korthafar verða því að framvísa kortinu fyrir hverja nótt sem gíst er á tjaldstæðinu og verður þá ein gistinótt strikuð út hverju sinni. Útilegukortið er í gildi eins lengi og tjaldsvæðin eru opin. Engin takmörk eru fyrir því hve oft má koma á hvert tjaldsvæði innan gistináttanna 28 en þó má einungis gista í fjórar nætur samfelldt í hvert skipti.

Útilegukortið gildir fyrir tjöld, tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi og húsbíla. Frekari upplýsingar um kortið má fá á vefsíðunni www.utilegukortid.is

Ath! gistináttaskattur er ekki innifalinn í Útilegukortinu.

Fosshótel

Vinalegri um allt land

Munið eftir
gistimiðunum

Bókaðu núna á fosshotel.is

REYKJAVÍK:
Fosshótel Barón
Fosshótel Lind
Fosshótel Reykjavík

NORÐURLAND:
Fosshótel Dalvík*
Fosshótel Laugar*
Fosshótel Húsavík


SUÐAUSTURLAND:
Fosshótel Vatnajökull
Fosshótel Núpár
SUÐURLAND
Fosshótel Hekla

VESTURLAND:
Fosshótel Reykholt
VESTFIRÐIR:
Fosshótel Vestfirðir

AUSTURLAND:
Fosshótel Austfirðir

*Sumarhótel


FOSSHOTEL



JARÐBÖÐIN VIÐ MÝVATN

SLÖKUN - VELLÍÐAN - UPPLIFUN

www.jardbodin.is



Eining - löða

Ýmsar hagnýtar upplýsingar um orlofshúsnæði félagsins 2015.

	Stærð	Svefnpl.	Barnarúm	Sængur	Lín	Handklæði	Klútar	Sturta	Ísskápur	Eldavél	Örb.ofn	Borðbún.	Grill	Útvarp	Sjónvarp	H. pottur	Skiptid.	Verð
Illugastaðir	45	6	umsjónm.	6	*	nei	já	já	já	já	já	8	gas	já	já	já	föstud.	23.000
Einarstaðir	45	6	umsjónm.	6	*	*	já	já	já	já	já	10	gas	já	já	já	föstud.	23.000
Tjarnargerði	81	9	já	9	nei	nei	já	já	já	já	já	8-12	gas	já	já	já	föstud.	27.000
Svignaskarð	75	8	já	8	nei	nei	já	já	já	já	já	8	gas	já	já	já	föstud.	23.000
Flókalundur, Vatnsfirði	40	6	nei	6	nei	nei	já	já	já	já	já	8	kola	já	já	**	föstud.	21.000
Útgarður 6, Egilsst.	81	5+	já	6	*	nei	já	já	já	já	já	8-12	gas	já	já	nei	föstud.	25.000
Ljósheimar 12a, R.vík	96	6	já	6	*	nei	já	já	já	já	já	8-12	nei	já	já	nei	miðv.d.	25.000
Ljósheimar 14a, R.vík	82	6	já	6	*	nei	já	já	já	já	já	8-12	nei	já	já	nei	miðv.d.	25.000
Sólheimar 27, 7. hæð, R.vík	83	6	já	6	*	nei	já	já	já	já	já	8-12	nei	já	já	nei	miðv.d.	25.000
Sólheimar 27, 4. hæð, R.vík	101	6	já	6	*	nei	já	já	já	já	já	8-12	nei	já	já	nei	miðv.d.	25.000
Ásholt 2, R.vík	108	6	já	7	*	nei	já	já	já	já	já	8-12	nei	já	já	nei	miðv.d.	25.000

Leigu- og skiptibústaðir

Einarstaðir	45	6	umsjónm.	6	*	*	já	já	já	já	já	10	gas	já	já	já	föstud.	23.000
Munaðarnes	52	6	umsjónm.	6	nei	nei	já	já	já	já	nei	8	kola	já	já	já	föstud.	23.000
Vaðnes	60	6-7+	já	8	nei	nei	nei	já	já	já	já	10	kola	já	já	já	föstud.	23.000
Brekkuskógur	46	6+	já	6	*	*	já	já	já	já	nei	6-10	kola	já	já	já	föstud.	23.000
Ólfusborgir	50	5+	já	7	*	nei	nei	já	já	já	já	8	gas	já	já	já	föstud.	23.000
Bjarteyjarsandur	57	6+	já	8	*	já	já	já	já	já	nei	12	gas	já	já	já	föstud.	23.000
Úlfjótswatn	55	5 +	umsjónm.	8	nei	nei	já	já	já	já	já	10-12	kola	já	já	já	föstud.	23.000
Súðavík	90	6	nei	6	nei	nei	nei	já	já	já	nei	6-10	kola	já	já	nei	föstud.	21.000
Garðshorn	60	7+	nei	6	nei	nei	já	já	já	já	já	8	gas	já	já	nei	föstud.	21.000
Klifabotn	50	6-8	já	8	nei	nei	nei	já	já	já	já	10-12	kola	já	já	nei	föstud.	21.000

* Fæst gegn gjaldi hjá umsjónarmanni

** Heitur pottur við sundlaug

+ Svefnloft, dýnur eða gestarúm.

Punktafrádráttur fyrir hús og íbúðir er 24 fyrir fyrstu tvær vikur og síðustu viku sumarsins en 36 fyrir aðrar sumarvikur.

Umsækjandi: _____ Kennitala: _____

Heimili: _____ Póstfang: _____

Vinnustaður: _____ Sími: _____ Vinnusími: _____

Hér fyrir neðan er gefinn kostur á að sækja um eina viku með allt að sex valmöguleikum fyrir stað og tímabil.

Merkið með tölunni 1 sem fyrsta valkost en 2, 3, 4, 5, 6 til vara.

ATH! Merkið ekki í fleiri en 6 reiti samtals !!

		1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13
		29.maí til 5.jún	5.jún til 12.jún	12.jún til 19.jún	19.jún til 26.jún	26.jún til 3.júl	3.júl til 10.júl	10.júl til 17.júl	17.júl til 24.júl	24.júl til 31.júl	31.júl til 7.ágú	7.ágú til 14.ágú	14.ágú til 21.ágú	21.ágú til 28.ágú
Landssvæði	Fjöldi húsa													
Klifabotn í Lóni	1													
Garðshorn	1													
Bjarteyjarsandur	1													
Brekuskógur	2													
Einarssstaðir	3													
Egilsstaðir	1													
Illugastaðir	5													
Tjarnargerði	1													
Vatnsfjörður	1													
Svignaskarð	1													
Munaðarnes	1													
Úlfjótuvatn	1													
Súðavík	1													
Vaðnes	1													
Ölfusborgir	1													
		3.jún til 10.jún	10.jún til 17.jún	17.jún til 24.jún	24.jún til 1.júl	1.júl til 8.júl	8.júl til 15.júl	15.júl til 22.júl	22.júl til 29.júl	29.júl til 5.ágú	5.ágú til 12.ágú	12.ágú til 19.ágú	19.ágú til 26.ágú	26.ágú til 2.sep
Reykjavík	5													
Punktafrádráttur:		24	24	36	36	36	36	36	36	36	36	36	24	

Vika að eigin vali

19.000.- kr. 18 punktar í frádrátt.

Síðasti skiladagur umsókna er 1. apríl 2015

EINING-ÍÐJA, SKIPAGÖTU 14, 600 AKUREYRI, SÍMI 460 3600, SÍMBRÉF 460 3601

Ath.: Umsóknarblað er einungis fyrir félagsmenn

Félagið hvetur alla félagsmenn sem geta til að sækja um á rafrænan hátt á félagavefnum. Það flýtir mikið fyrir úthlutunarferlinu.

Fyrir
frimerki

Eining-Íðja
Skipagötu 14
600 Akureyri

FÁÐU FRÉTTIRNAR BEINT Í ÆÐ!

Heimasíðan er aðgengileg fyrir snjallsíma og spjaldtölvur.

www.ein.is - lifandi vefur þar sem þú finnur m.a.

Fréttir
Félagavefinn
Upplýsingar
Kjarasamninga
Kaup-taxta
Lög og reglugerðir

Skráðu þig á póstlista félagsins!

EINING-ÍÐJA STENDUR VÖRÐ UM RÉTTINDI ÞÍNI!

Eining-Íðja er öflugt stéttarfélag á landsbyggðinni!

Skipagötu 14 Akureyri / Hafnarbraut 5 Dalvík / Eyrargötu 24b Fjallabyggð / 460 3600



Skannaðu kóðann og kíktu á www.ein.is



Átta íbúðir í Reykjavík



Flestir sem nýta sér orlofsíbúðir vilja komast úr þéttbýlinu í kyrrð og víðáttu sveitanna til þess að slaka þar á og endurnýja orkuna, en ekki allir. Orlofsíbúðir félagsins í Reykjavík eru allan ársins hring mikið notaðar af félagsmönnum Einingar-löju. Félagið er nú með í notkun átta íbúðir í Reykjavík, á sjö en leigir eina. Tvær þeirra eru notaðar sem sjúkraíbúðir. Íbúðirnar eru allar miðsvæðis í borginni og því mjög vel staðsettar.

Tvær íbúðir í Sólheimum

Árið 2011 keypti Eining-löja tvær íbúðir í fjölbýlishúsinu Sólheimar 27. Önnur íbúðin er 104 m² fjögurra herbergja íbúð á 4. hæð og hin er 89 m² þriggja herbergja íbúð á sjöundu hæð. Félagið lét taka báðar íbúðirnar allar í gegn að innan þannig að þær eru í mjög góðu standi.

Tvær íbúðir í Ljósheimum

Eining-löja á tvær orlofsíbúðir í fjölbýlishúsum við Ljósheima. Orlofsíbúðirnar eru báðar fjögurra herbergja. Íbúðirnar voru báðar teknar í gegn að innan fyrir nokkrum árum. Íbúðirnar eru búnar öllum helstu heimilistækjum og í hvorri íbúð er svefnpláss fyrir sex manns.

Þrjár íbúðir í Ásholti

Félagið á tvær íbúðir í Ásholti 2 í Reykjavík og leigir þar að auki eina íbúð í húsinu.

Önnur íbúðin sem félagið á er notuð sem sjúkraíbúð og er á 3. hæð. Hin íbúðin er á 4. hæð og er einstaklega glæsileg. Hún er fjögurra herbergja, 107 m² að stærð. Íbúðin sem félagið leigir í húsinu er á 6. hæð og er tæplega 50m² að stærð.

Íbúð í Sóltúni

Sjúkrasjóður félagsins keypti í byrjun árs 2014 eina íbúð í Sóltúni 30.

Lyklar að íbúðunum eru afhentir á skrifstofum félagsins.

Illugastaðir í Fnjóskadal



Orlofshúsabyggðin á Illugastöðum í Fnjóskadal er fyrir löngu kunn flestum landsmönnum, svo margir hafa dvalið þar eða litið við hjá vinum og kunningjum sem þar hafa dvalið. Illugastaðir eru sívinsæll sumardvalarstaður og vert að benda á að félagið á þar eitt sérútbúið hús fyrir fatlaða, hús nr. 26.

Eining-löja á fjórtán orlofshús að Illugastöðum sem öll eru með heitum pottum. Nokkur þeirra eru leigð til annarra stéttarféлага í skiptum fyrir orlofshús annars staðar á landinu.

Illugastaðir eru ákaflega vinsæll orlofsdvalarstaður, ekki síst meðal félagsmanna Einingar-löju, enda er ekki löng ferð úr Eyjafirðinum yfir í Fnjóskadal (45 km frá Akureyri). Fnjóskadalur státar af náttúrufegurð og er dalurinn sannkölluð perla fyrir náttúruunnendur, sérstaklega þá sem áhuga hafa á gönguferðum, jafnt að sumri sem vetri.

Í orlofshúsum félagsins á Illugastöðum eru svefnpláss fyrir átta manns í hverju húsi. Á Illugastöðum er meðal annars sundlaug, heitur pottur, gufubað og lítil verslun í þjónustumiðstöðinni. Leikvöllur er á svæðinu með leiktækjum fyrir börnin. Stutt er yfir í Vagla-skóg þar sem miklir möguleikar eru til gönguferða.

Lyklar að orlofshúsunum á Illugastöðum eru afhentir í þjónustumiðstöðinni á staðnum.

Tjarnargerði í Eyjafjarðarsveit



Sumum hentar betur að komast í orlofshús í næsta nágrenni við heimabyggð sína í stað þess að þurfa að aka um langan veg. Fyrir þá sem eru tíma-bundnir en vilja samt komast í gott frí og róandi umhverfi er nokkurra ára gamalt hús, Tjarnargerði í Eyjafjarðarsveit, mjög góður kostur.

Húsið er vel búið með heitum potti og með öllum þeim þægindum sem flestir vilja hafa í orlofshúsum. Í húsinu er svefnpláss fyrir níu manns.

Ekki þarf að spyrja að náttúrufegurðinni fremst í Eyjafirðinum og frá Tjarnargerði er til dæmis örstutt í Leyningshóla og fleiri náttúruperlur. Í Tjarnargerði sameinast þeir kostir að þangað tekur stuttan tíma fyrir félagsmenn Einingar-löju að fara og þar er gott að vera, slaka á og safna orku í sumarfríinu.

Lyklar að Tjarnargerði eru afhentir á skrifstofu félagsins í Skipagötu 14 á Akureyri.



Tanni Travel
Strandgötu 14, 735 Eskifjörður, Iceland
tannitravel@tannitravel.is
+354-476-1399
www.tannitravel.is

www.meet4locals.is

Veist þú að
Verktakar njóta ekki
sama réttar og launafólk

Einarsstaðir á Héraði



Víðfræg veðurbliða Fljótsdalshéraðs ásamt náttúrufegurð ætti að tryggja ánægjulega dvöl í orlofshúsunum á Einarsstöðum á Héraði. Óhætt er að fullyrða að Fljótsdalshérað er eitt hið veðursælasta á landinu.

Í orlofshúsaáhræfnum á Einarsstöðum hefur Eining-löja til umráða þrjú hús. Einarsstaðir hafa notið mikilla vinsælda sem orlofsdvalarstaður og hafa verið með eftirsóttustu stöðum félagsins, meðal annars vegna hinnar rómuðu veðurbliðu. Einarsstaðir eru einnig vel staðsettir fyrir þá sem vilja nýta frið í að ferðast og njóta þess að skoða nokkrar af helstu náttúruperlum landsins, en vilja um leið hafa fastan samastað í orlofshúsi. Margar af helstu náttúruperlum austfirðinga eru innan seilingar og af Héraði er stutt til allra staða á Austurlandi. Frá Einarsstöðum er jafnframt stutt í alla nauðsynlega þjónustu og afþreyingu fyrir ferðamenn því staðurinn er aðeins tólf kílómetrum sunnan Egilsstaða, miðja vega milli Egilsstaða og Hallormsstaðar.

Talnalás er á húsinu.

Upplýsingar eru á leigusamningi.

Orlofsíbúð á Egilsstöðum



Eining-löja á íbúð í fjölbýlishúsinu við Útgard 6 á Egilsstöðum og nýtur sú íbúð mikilla vinsælda - væntanlega ekki síst vegna hinnar rómuðu veðursældar á Héraði.

Íbúðin var öll tekin í gegn fyrir sumarið 2013 og er öll hin glæsilegasta. Egilsstaðir er höfuðstaður Austurlands og þaðan liggja vegir til allra átta. Það ætti því að vera hægur vandi að dvelja í orlofsíbúð á Egilsstöðum og skipuleggja þaðan ferðir um nánast allt Austurland án þess að þurfa að gista annars staðar. Á Egilsstöðum er hægt að fá alla þá þjónustu sem ferðafólk þarf á að halda, meðal annars er þar glæsileg sundlaug sem upplagt er að nýta og njóta.

Íbúð Einingar-löju á Egilsstöðum er þriggja herbergja og að sjálfsgöðu búin öllum helstu heimilistækjum. Íbúðin er á neðstu hæð í þriggja hæða fjölbýlishúsi. Við hana er góður sólballur og skjólveggir.

Lyklar eru afhentir á skrifstofu

Einingar-löju í Skipagötu 14 á Akureyri.

Klifabotn í Lóni



Orlofshúsasvæðið Klifabotn í Lóni hefur reynst vinsælt meðal félagsmanna Einingar-löju. Þar ríkir enda skattfells kyrrð og veðursæld í skjóli stærsta jökuls Evrópu, Vatnajökuls.

Klifabotn, er í Þórisdal í Lóni, skammt austan við Laxá, og stendur við Strandaháls í Bæjarhreppi, sem nú er reyndar hluti af Sveitarfélaginu Hornafirði.

Eining-löja hefur til umráða eitt hús í Klifabotni, rúmgott og vel búið. Í hverfinu er leikvöllur fyrir börnin og sameiginleg gufubaðstofa fyrir orlofshúsabyggðina. Um 30 kílómetrar eru frá Klifabotni að Höfn í Hornafirði en þar er fjölbreytt þjónusta, meðal annars sundlaug og golfvöllur. Svæðið býður upp á skemmtilega ferðamöguleika, hvort heldur fólk vill ferðast á bílum, hestum eða á tveimur jafnfljótum. Umhverfið er ægífagurt og stórbrotið og meðal annars stutt í hin rómuðu Lónsöræfi. Fjallahringurinn, sem skýlir Lónsbúum og gestum þeirra, er fagur með Eystra- og Vestra-Horn sem útverði.

Talnalás er á húsinu.

Upplýsingar eru á leigusamningi.

Veist þú að

Jafnaðarkaup er ekki til í kjarasamningum. Ef sagt er við þig að venja sé hjá fyrirtækinu að greiða fólki „jafnaðarkaup“ þá skalt þú fá forsendur útreikninga og kanna þá vel. Reynslan hefur sýnt að forsendur útreikninga eru oft rangar.

Garðshorn í Ölfusi



Í landi Bakka II í Ölfusi stendur orlofshúsið Garðshorn. Húsið er um 100 metra frá þjóðvegnum til Þorlákshafnar, um 6 kílómetra frá Hveragerði.

Fyrir þá sem vilja vera í næði og útaf fyrir sig er gott að dvelja í Garðshorni því húsið stendur ekki í orlofshúsabyggð heldur eitt og sér. Engu að síður er örstutt í alla þjónustu því Garðshorn er í aðeins um 6 kílómetra fjarlægð frá Hveragerði og þar með er ekki heldur langt til Selfoss eða höfuðborgarsvæðisins. Við bústaðinn er nýlega byggt gestahús.

Meðal þess sem finna má í næsta nágrenni Garðshorns í Ölfusi eru manngerðir hellar uppi í hliðinni ofan við húsið. Þaðan er einnig mjög víðsýnt um Suðurlandsundirlendið.

Í Garðshorni eru tvö svefnherbergi og svefnpláss fyrir 6 til 8 manns.

Lyklar eru afhentir á skrifstofu félagsins í Skipagötu 14 á Akureyri.

**Veist þú að
Allt launafólk
á rétt á orlofi**

Brekuskógur í Biskupstungum



Biskupstungurnar eru á meðal vinsælustu orlofssvæða á landinu og ekki að ástæðulausu. Svæðið hefur upp á allt það að bjóða sem orlofshúsagesti kann að vanhaga um eða langa til að gera; góða aðstöðu, fallegt umhverfi og fjölbreytta möguleika til þess að njóta þess sem hver og einn vill fá út úr fríinu sínu.

Eining-löja hefur til afnota tvö orlofshús í Brekkuskógi. Annað húsið kallast A-hús, en hitt kallast C-hús. Við húsin er meðal annars verönd með heitum potti og aðstaða fyrir gesti er öll eins og best gerist. Í orlofshúsahverfinu í Brekkuskógi er þjónustumiðstöð þar sem er meðal annars sjónvarp, myndbandstæki, sími, bókasafn, spil og salur til sameiginlegra afnota fyrir gesti. Þar er einnig baðhús með gufuböðum, heitum pottum og sturtum. Lítil leikvöllur er á svæðinu og aðstaða til að spila míni-golf.

Stutt er úr Biskupstungunum yfir í byggðakjarnann við Laugarvatn og raunar má segja að „stutt“ sé úr Biskupstungunum um allt Suðurland þar sem margar af helstu náttúruperlum landsins er að finna. Í Árnessýslu er jafnframt umfangsmikil þjónusta við ferðamenn og því af nógu að taka fyrir þá sem dvelja í orlofshúsum í Brekkuskógi og vilja leita sér afþreyingar í nágrenninu.

